

jafnframt takið fram, að yfirheyra ber einnig rekaeigendur sjálfa um framangreind atriði, eptir því sem unnt er.

8. Hvað rjett er í meðfylgjandi kæru hins ákærða Sigurðar Ólafssonar, um varðhaldsvist föður hans Ólafs heitins Guðmundssonar, Natanaels Sigurðssonar og Kristínar Guðmundsdóttur og Sigurðar sjálfs, en varðhalda þessara er sumpart látið ógetið í prófsgjörðunum, sumpart koma kærurnar eigi heim við þær.
9. Hvað rjett er í meðfylgjandi kærum frá hinum ákærðu Árna Magnússyni og Guðmundi Guðmundssyni um varðhaldsvist þeirra og hins ákærða Jóns Einarssonar á Miðbælisbökkum, en þær koma eigi heim við það, er í prófsgjörðunum stendur.
10. Hvort hinum ákærðu Pjetri Niélssyni, Steinvöru Einarasdóttur og Jóhannesi Símonarsyni, sem sjást hafa verið úrskurðuð í gæzluvarðhald respective  $15/_{11}$  1890,  $11/_{12}$  1890 og  $24/_{1}$  1891, hafi verið haldið í varðhaldi til respective  $11/_{2}$ ,  $11/_{2}$  og  $2/_{2}$  1891, sem virðist helzt verða ráðið af prófsgjörðunum.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega skýrslur þær og skýringar, er að ofan greinir, svo fljótt sem audið er.

Nr. 1/1894:

Hið opinbera  
gegn  
Jóni Ásgeirssyni.

D ó m u r :

Með lögreglurjettardómi Húnavatnssýslu, uppkveðn-

um 25. júlí f. á., var hinn kærði, Jón bóndi Ásgeirsson á Þingeyrum, dæmdur fyrir ólöglega laxveiði til að greiða 100 kr. sekt, er að helmingi rynni í hlutaðeigandi sveitarsjóð, og að helmingi fjelli til uppljóstrarmanna; en greiði hinn kærði eigi sektina í ákveðinn tíma, segir í dóminum, að hann eigi að sæta einföldu fangelsi í 30 daga; svo var og kærði dæmdur til að greiða allan málskostnað. Dómi þessum hefur eptir ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er sannað með skýrslu manns þess, sem í vor er leið stundaði laxveiði fyrir hinn kærða í svokölluðum Bjargaós, — en skýrslu þessa hefur hinn kærði viðurkennt rjetta — að laxveiðinni hafi verið þannig háttáð, að laxanet með 12 þumlunga riðli og 32 möskva dýpt hafi verið lagt þvers yfir áður nefndan Bjargaós, sem er afrennsli úr stöðuvatninu Hópinu yfir Þingeyrasand út til sjávar; hafi net þetta, sem kallað er fyrirstöðunet, verið fest niður á báðum endum, annar vestan við ósinn, en hinn austan við hann á sandeyri, sem skilur aðalósinn frá lóni einu, er skerst út úr honum til suðurs, en þrýtur um fjöru, þegar nokkuð dregur suður eptir. Nefnt fyrirstöðunet var látið liggja þannig fast allt að því 5 klukkustundir á dag, eptir skýrslu manns þess, er stundaði veiðina, en kærði hefur tjáð, að sjer hafi verið ókunnugt um, að það hafi nokkru sinni legið fast lengur í senn en 3 tíma á dag. Um fjöru var annarhvor endi netsins losaður og hann dreginn í bug að austur- eða vesturlandinu eptir því, hvernig á stóð. Að veiðinni í ósnum hafi verið þannig háttáð hinn 30. júní f. á., er sjerstaklega upplýst með vitnisburðum 4 manna, er voru sjónarvottar að því. Þó að það sje upplýst, að sjór falli upp um sandana fyrir austan ós-

inn, þegar hásjávað er, verður að skoða Bjargaós sem á er fellur úr stöðuvatninu Hópinu, en í tjeð vatn fellur laxveiðiáin Víðidalsá. Með því að þvergirða ósinn á áðurgreindan hátt með fyrirstöðunetinu, hefur hinn kærði gjörzt brotlegur gegn 2. gr. í laxfríðunarlögunum 19. febr. 1886, þótt netið hafi eigi legið lengur fast í senn en 3—5 stundir. Að öðru leyti verður eigi álitíð, að hiun kærði hafi beitt ólöglegri laxveiðiaðferð, þótt hann drægi á með lausu neti upp að fyrirstöðunetinu. Hinn kærði hefur tvívegis áður verið sektaður með amtsúrskurði fyrir ólöglega laxveiði, í fyrra skiptið um 20 kr. og í síðara skiptið um 40 kr., og þykir nú sekt sú, er hann befur til unnið með þessu broti sínu, hæfilega ákveðin, samkvæmt 8. gr. áðurnefndra laxfríðunarlaga 60 kr., er að hálfu renni í hlutaðeigandi sveitarsjóð, og að hálfu til uppljóstrarmanns, Odds F. Oddssonar á Síðu. Svo ber honum og að greiða allan kostnað af málinu, bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinn kærði Jón Ásgeirsson greiði 60 kr. sekt, er að helmingi renni í hlutaðeigandi sveitarsjóð, og að helmingi til uppljóstrarmanns Odds F. Oddssonar. Svo ber honum og að greiða allan kostnað málsins bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, og

yfirjettarmálaflutningsmanns Eggert Briem, 10 kr. til hvors. Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 61/1893:

Ísleifur Einarsson  
 gegn  
 bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni.

D ó m u r :

Haustið 1892 var uppgjafaprestur Ísleifur Einarsson, sem þá var nýfluttur til Reykjavíkur, settur á skattskrá kaupstaðarins, og voru tekjur hans fyrir árið 1891 taldar 1479 kr. Skattskráin lá til sýnis á venjulegum stað lögboðinn tíma, án þess að síra Ísleifur Einarsson kærði yfir ákvæði skattanefndariannar á tekjum hans. Síðastliðið ár var hann því krafinn um manntalsbókargjöld, það er að segja tekjuskatt að upphæð 4 kr. 50 a., og er hann eigi greiddi gjald þetta, ljét bæjarfógetinn, hinn stefndi, innheimta það með lög-taksgjörð. Fyrir fógetarjettinum mótmælti síra Ísleifur Einarsson gjaldkröfunni, en fógetinn úrskurðaði, að lögtakið skyldi fram fara. Áfrýjandi greiddi þá að vísu skattinn 4 kr. 50 a., og vottagjöld 1 kr., en mótmælti jafnframt lögmæti úrskurðarins, sem upp var kveðinn 10. nóv. f. á., og hefur nú áfrýjað honum til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 11. des. f. á. Gjörir hann þær rjettarkröfur, að nefndur fógetaúrskurður verði úr gildi felldur, að hann fái tekjuskattinn endurgoldinn, og að hann verði gjörður skattfrí, svo og skaðlaus af þeim tilkostnaði, sem hann hefur haft af málinu. Loks hefur áfrýjandinn krafizt þess, að yfirdómari Jón Jenson